

Ár 2018, þriðjudaginn 21. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnunum Helga R. Magnússyni, Sigurði I. Halldórssyni og Gunnari Guðmundssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 5/2018**

Handknattleiksfélag Kópavogs (HK)  
gegn  
Knattspyrnufélagið Þróttur

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi**

Handknattleiksfélag Kópavogs (HK), kt. 630981-0269  
Vallakór 12  
203 Kópavogi  
Fyrirsvarsmaður: Ólafur Karl Eyjólfsson

**Kærði:**

Knattspyrnufélagið Þróttur, kt. 470678-0119  
Engjavegi 7  
104 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Þórir Hákonarson

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ þann 27. júlí s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst hún þann 6. ágúst s.l.

II.

**Kröfur:**

Kærandi gerir aðallega þá kröfu að HK/Ými verði dæmdur 3 - 0 sigur í viðureign liðsins við Þrótt/SR í Íslandsmóti 2. flokks karla B deild, þann 23. júlí 2018. Til vara að HK/Ými verði dæmdur 2 - 0 sigur og til þrautavara að leikurinn verði endurtekinn á heimavelli HK frá 45 mínuðu og að staða leiksins sé þá 2 - 0 fyrir HK/Ými.

Kærði hafnar kröfum kæranda og krefst þess að úrslit leiksins látin standa óbreytt.

III.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum málsástæðum í kæru á eftirfarandi hátt:

„Mánudaginn 23. júlí sl. fór fram leikur Próttar/SR og HK/Ýmis, í Íslandsmóti, 2 flokks karla í B deild, á Eimskipavellinum.

Daníel Ingi Þórisson var dómari í umræddum leik. Ekki kemur fram á leikskýrslur hverjir voru aðstoðardómarar í fyrri hálfleik, né í seinni hálfleik. Í fyrri hálfleik voru tveir aðstoðardómarar en þeir mættu ekki til leiks í síðari hálfleik. Þá var staðan 0 – 2 fyrir HK. Þjálfari Próttar/SR stóð þá frammi fyrir því í hálfleik að þurfa að finna nýja aðstoðardómara. Kom þá þjálfari Próttar/SR á tal við þjálfara HK/Ýmis og spurði hvort vilji væri fyrir því að skaffa annan aðstoðardómann úr röðum HK/Ýmis. Þjálfarar HK/Ýmis höfnuðu því og mótmæltu að reynt væri að fara þá leið að fá aðstoðaðardómara úr röðum leikmanna sem voru á leikskýrslu umræddan dag. Þrátt fyrir mótmælin valdi þjálfari Próttar/SR two drengi úr Prótti/SR sem voru á leikskýrslu til að gegna hlutverki aðstoðardómara. Dómari leiksins bar ekki umræddar breytingar undir þjálfara HK/Ýmis og gafst því takmarkað færi á að koma að frekari mótmælum við breytingunum.

Leikmenn HK höfðu eftir dómaranum í seinni hálfleik að hann treysti ekki aðstoðardómurunum en leikmenn ættu ekki að hafa áhyggjur, þar sem leikmenn geti treystt dómaranum til að dæma leikinn rétt.

Nýtt fyrirkomulag í dómgæslu í leiknum reyndist ekki vel og svo fór að dómarinn missti fullkomnlega stjórn á leiknum, þar sem hann þurfti að áminna 14 sinnum í seinni hálfleik, enda mikil óánægja með ákvarðanir dómara.

Að leik loknum tjáði dómari þjálfurum að hann hafi fengið litla sem enga hjálp frá aðstoðardómurum.

Taka ber fram að leikskýrsla dómarans er efnislega röng þar sem ekki er getið hverji voru aðstoðardómara leiksins, sem voru fjórir talsins.“

#### Málsástæður:

Kærandi byggir á að allar málsástæður eigi jafnt við um aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu.

Kærandi byggir á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, nr. 8/2018. Kærandi vísar til greinar reglugerðarinnar nr. 19.3.C hluta sem segir:

*„Heimilið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum: a. keppni U23 ára liða karla, b. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks, c. keppni eldri flokka (riðlakeppni), d. í öðrum leikjum.“*

Kærandi byggir á því að kærði var ábyrgur fyrir því að fá aðstoðardómara til að dæma leikinn sem uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til aðstoðardómara í Íslandsmóti 2. flokks karla. Það gerði kærði ekki og af þeim sökum er framkvæmd leiksins ólöleg og af þeim sökum verður að breyta úrslitum leiksins með vísan til kröfurgerðar kæru að mati úrskurðarnefndarinnar.

Kærandi byggir á því að hafa mótmælt ráðstöfunum Próttar/SR um að gera two leikmenn á liðsskýrslu að aðstoðardómurum. Kærandi byggir á því að hafa mótmælt fyrirætlaninni um leið og hann gerði sér grein fyrir ráðstöfunum Próttar/SR og dómarar leiksins. Kærandi vísar til reglugerðar, nánar til greinar 38.1 sem segir:

*„Öll mótmæli varðandi undirbúning kapappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvikjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrotn.“*

Kærandi skilur tilvitnaða grein á þá leið að honum hafi borið að mótmæla fyrirætlan Próttar/SR um að setja leikmenn á liðsskýrslu í hlutverk aðstoðardómara fyrir upphaf leiks í seinni hálfleik enda ómöögulegt

að mótmæla fyrir upphaf fyrri hálfleiks, þar sem ekki lá fyrir að aðstoðardómarar myndu yfirgefa leikinn og settir yrðu í þeirra stað leikmenn heimaliðsins. Af þeim sökum telur kærandi sig hafi uppfyllt skyldu sína að mótmæla fyrir leik við þjálfara Þróttar/SR sem tók ákvörðun um ráðstöfunina. Dómari leiksins gaf sig ekki á tal við þjálfara HK/Ýmis né bar undir þá á annan hátt breytt fyrirkomulag. Þjálfarar HK/Ýmis gáfu til kynna, eftir besta móti, við dómarann að þeir væru ósáttir fyrir þessa ráðstöfun en dómarí virti ekki mótmæli þeirra viðlits.“

Varðandi lagarök vísar kærandi til þeirra laga og reglna sem koma fram hér í textanum að ofan en að öðru leyti vísar til reglugerðar KSÍ nr. 8/2018 um knattspyrnumót

Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ nr. 1/2018 í máli Knattspyrnufélags Árborgar gegn Snæfelli/UDN, uppkveðnum þriðjudaginn 27. mars 2018. Í tilvitnuðu máli voru málsatvik á þá leið að leikmaður Snæfells/UDN sem skráður var á liðsskýrslu var aðstoðardómari í fyrri hálfleik en leikmaður í þeim seinni. Þá tók sá leikmaður sem skipt var útaf sem leikmaður við sem aðstoðardómari í hans stað í seinni hálfleik. Þá kemur fram að hlutaðeigandi aðstoðardómarar hafi verið án réttinda.

Í niðurstöðu úrskurðarins segir:

*„Í máli þessu er það óumdeilt að leikmaður sem spilaði fyrri hálfleik í umræddum leik fór af velli í hálfleik en tók síðan við sem aðstoðardómari í seinni hálfleik. Það er vissulega ekki til eftirbreytni að leikmenn sem eru á leikskýrslu taki að sér störf aðstoðardómara hvort sem þeir eru með réttindi eða ekki. Einnig er það ámælisvert að dómarí leiksins hafi verið upplýstur um þetta af forsvarsmönnum kærða. Hins vegar kemur það fram í málínu að honum var gerð grein fyrir þessari stöðu áður en seinni hálfleikur hófst og bauðst hann þá til að dæma leikinn einn. Kærandi taldi ekki ástæðu til að þess og samþykkti því i raun að umræddur aðstoðardómari dæmdi seinni hálfleikinn.“*

Kærandi telur að tilvitnaður úrskurður hafi fordæmisgildi, að ákveðnu leyti, varðandi úrlaus þess máls sem hér er til meðferðar. Kærandi bendir á efifarandi. Í tilvitnuðu máli er því slegið föstu að það sé aðfinnsluvert að leikmenn á leikskýrslu taki að sér störf aðstoðardómara. Það var einmitt það sem gerðist í leik kæranda og kærða, að leikmenn á leikmannaskýrslu taka að sér störf aðstoðardómara í seinni hálfleik. Það sem meira er að í leik kæranda og kærða þá var ákvörðun kærða um að setja leikmenn á leikskýrslu í stöðu aðstoðardómara mótmælt. Með þeim mótmælum lagðist kærandi gegn þeirri ákvörðun að leikmenn kærða dæmdu leikinn. Þá bar dómarinn í leik kæranda og kærða ekki fyrir kæranda til formlegra mótmæla. Heldur virðist hafa samþykkt ráðstöfunina án samráðs eða ráðfæringar við kæranda. Þrátt fyrir rmótmæli kæranda samþykkti dómarinn að nota leikmennina sem aðstoðardómara, þó með fyrirvara um að treysta þeim ekki nægilega vel sbr. það sem fram kemur í málavaxtalýsingu. Ekki liggur fyrir í málínu hvort dómarinn hafi vitað hvort þeir sem tóku við sem aðstoðardómarar hafi verið á leikskýrslu. Þá er það sérstaklega ámælisvert að dómarí tilgreini ekki aðstoðardómar í leikskýrslu.

Að öllu ofangreindu virtu þá má slá því föstu að dómgæslan á leik kæranda og kærða hafi verið ólögmæt og að kærandi ásamt dómarí beri ábyrgð á því. Af því leiðir að úrskurðarnefndin verður að endurákvarða réttlát úrslit í leik kæranda og kærða sbr. kröfur kæranda í kröfugero.“

Varðandi lagarök vísar kærandi til þeirra laga og reglna sem koma fram hér í textanum að ofan en að öðru leyti vísar til reglugerðar KSÍ nr. 8/2018 um knattspyrnumót.

Kærði skilaði greinargerð vegna fram kominnar kæru frá kæranda, en þar segir orðrétt:

“Málarekstur kæranda byggir á þeirri staðreynd að ekki kemur fram á leikskýrslu hverjir voru aðstoðardómarar í umræddum leik og að ekki hafi verið sömu aðstoðardómarar í fyrri og seinni hálfleik

leiksins. Á gögnum málsins er ekki hægt að sjá hverjir voru aðstoðardómarar þar sem dómari leiksins gekk ekki frá skýrslu í samræmi við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 9.6, en þar segir:

*„Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skráir hana í gagnagrunn KSÍ. Hann skal skrá allar nauðsynlegar upplýsingar á skýrsluna skv. fyrirmælum KSÍ sem og hverjir hafi gerst brotlegir skv. Agareglum KSÍ. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal dómarrinn sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni skilað skv. fyrirmælum KSÍ.“*

Það er því á ábyrgð dómarar leiksins að ganga frá skýrslunni með nauðsynlegum upplýsingum. Hafi ekki verið sömu aðstoðardómarar í báðum hálfleikjum geta verið eðlilegar skýringar á forföllum, s.s. meiðsli eða veikindi, og því erfitt að bregðast við þegar ekki er gert ráð fyrir vara-aðstoðardómurum í leikjum í þessum aldursflokki né öðrum.

Ákvörðun um að halda leik áfram er dómarar leiksins og á ábyrgð hans að leika leikinn til enda þrát fyrir athugasemdir þjálfara HK/Ýmis skv. málsgögnum. Rétt er þó að benda á að fjölmargar leikskýrslur í 2.aldursflokki eru með þeim hætti að ekki eru tilgreindir aðstoðardómarar leikjanna og nægir að benda á leikskýrslur úr leikjum umræddrar deildar, þ.e. B-deildar 2.aldursflokks karla. Sem dæmi má nefna eftirfarandi leikskýrslur:

HK/Ýmir – FH 14.maí 2018

<https://www.ksi.is/mot/leikskyrsla/?leikur=440107>

HK/Ýmir – Víkingur 12.júní 2018

<https://www.ksi.is/mot/leikskyrsla/?leikur=440126>

Því miður eru fjölmörg slík dæmi og rétt að félögin í samráði við KSÍ reyni eftir mætti að bæta úr en það breytir þó ekki þeirri ábyrgð sem hvílir á dómarar leiksins að ganga frá leikskýrslu og skrá allar nauðsynlegar upplýsingar í skýrsluna. Það hvílir sú skylda á heimaliði að tilnefna aðstoðardómara á leik í þessum aldursflokki og óumdeilt að svo var gert. Af ófyrirsjáanlegum orsökum gátu umræddir aðstoðardómarar ekki lokið leik og við því var brugðist í hálfleik með því að reyna að leysa mál með nýjum aðstoðardómum sem var jafnfraamt gert. Þegar svo er komið er það ákvörðun dómarar leiksins að ganga til síðara hálfleiks og ljúka leiknum með þeim aðstoðardómum sem tilnefndir voru í seinni hálfleik leiksins. Hvergi er að finna ákvæði þess efnis í reglugerð um mótamál að einstaklingur geti ekki gegnt tveimur hlutverkum í leiknum eins undarlega og það hljómar og þarf augljóslega að bæta þar úr.

Eins og fram kemur í málarekstri kæranda með tilvísan í úrskurð aga – og úrskurðarnefndar nr. 1/2018 þá er það ”vissulega ekki til efturbreytni að leikmenn sem eru á leikskýrslu taki að sér störf aðstoðardómara“ ... og á það vissulega við en hins vegar eru engar forsendur að finna í regluverki hreyfingarinnar sem beinlínis banna það fyrirkomulag og því útilokað að kærða verði refsaoð fyrir það fyrirkomulag þegar fyrir því eru ekki lagalegar forsendur úr reglugerðum um knattspyrnumót.

Pessu til stuðnings má benda á að í leik í 4.deild karla nýlega var þjálfari annars liðsins, Árborgar, bæði á leikskýrslu sem þjálfari og varadómari leiksins og tók hann við sem aðstoðardómari í hálfleik. Skýrslu þessa leiks má finna hér <https://www.ksi.is/mot/leikskyrsla/?leikur=438513> en Helgi Bárðarson þjálfari Árborgar lýkur þessum leik sem aðstoðardómari og gegnir því tveimur hlutverkum í leiknum. Í því tilviki tilnefnið KSÍ bæði dómarar og aðstoðardómara og hefur þar með sett fordæmi fyrir ofangreindu.

Það að dómarar leiksins hafi ekki gefið sig á tal við þjálfara HK/Ýmis né borið undir þá breytt fyrirkomulag á aðstoðardómum leiksins er á hans ábyrgð og getur Þróttur ekki borið ábyrgð á þeirri ákvörðun dómarans og því síður verið refsaoð fyrir þá ákvörðun dómarans.

Eins og fram kemur í málsgögnum kæranda þá liggur ekki fyrir hvort aðstoðardómarar hafi verið á leikskýrslu sem leikmenn enda aðstoðardómarar ekki tilnefndir á leikskýrslunni eins og ítrekað hefur komið fram.

Að ofangreindu má sjá að engar forsendur eru til þess að ganga að kröfum kæranda í málín, fyrir því liggja ekki lagalegar forsendur úr regluverki knattspyrnuhreyfingarinnar auk þess sem dómari leiksins tók þá ákvörðun að halda leik áfram með þeim aðstoðardómumurum sem tilnefndir voru. KSÍ hefur þegar sett fordæmi fyrir því að aðstoðardómarar séu jafnframt á leikskýrslu sem starfsmenn eða leikmenn annars liðsins eins og fram kemur hér að ofan í leik Árborgar og GG í 4. deild karla. Dómari leiksins brást því ekki við í samræmi við grein 19.5. í reglugerð um knattspyrnumót, eigi það ákvæði almennt við í þessu tilviki. Knattspyrnudeild Þróttar gerir því þá kröfu að kröfum HK/Ýmis í kæru þeirra verði hafnað og úrslit leiksins látin standa óbreytt.”

#### IV.

#### Niðurstaða:

Eins og rakið er af kærða í málsatvikalýsingu hurfu báðir aðstoðardómarar frá í hálfleik, en það var á ábyrgð heimaliðs að útvega aðstoðardómara. Í seinni háfleik voru tveir aðstoðardómarar fengnir af heimaliði til að leysa hina two af hólmi. Ekki liggur fyrir hverjir aðstoðardómarar í leiknum voru þar sem dómari skráði það ekki á leikskýrslu. Af því leiðir að ekki liggur fyrir í málín hvort þeir sem tóku við störfum aðstoðardómara hafi verið leikmenn hins kærða félags.

Við þær aðstæður sem upp komu í hálfleik umrædds leiks var það á ábyrgð dómarar hvort hann myndi dæma leikinn einn eða með hinum nýju aðstoðardómumurum. Sú ákvörðun dómarar að heimila þessa breytingu á aðstoðardómumurum hefur að mati dómsins engin áhrif á endnaleg úrslit leiksins. Heimaliðið var vandkvæðum bundið að útvega aðstoðardómara á framangreindan leik.

Með skírskotun til framanritaðs er það álit nefndarinnar að sýkna beri kærða af öllum kröfum kæranda í máli þessu og að úrslit leiksins standi óbreytt.

#### V.

#### Úrskurðarorð:

Knattspyrnfélagið Þróttur, knattspyrnudeild er sýkn af kröfum Handknattleiksfélags Kópavogs knattspyrnudeildar. Úrslit í leik Þróttar/SR og HK/Ýmis, í Íslandsmóti 2 flokks karla í B deild, sem fram fór þann 23. júlí 2018, skulu standa óhöggud.



Helgi R. Magnússon



Gunnar Guðmundsson



Sigurður I. Halldórsson

**Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Árýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagará ekki taldir með.